

# MANNKYNSSAGAN OG HIN MIKLA BREYTING

## I

Saga mannkynsins er tilraun apa til að komast upp úr dýraríkinu. Tilraunin hefir mistekist. Aðalárangurinn hefir verið meiri þjáning, næstum því óviðjafnanlega miklu meiri þjáning, en til er í dýraríkinu fyrir neðan þessa umbreyttu apategund sem nefnist maður. En tilraunin þarf ekki að mistakast. Jafnvel á skömmum tíma mætti snúa henni til sigurs.

## II

Ef öðruvísi er að orði komist, þá er saga mannkynsins tilraun hins skapandi vits, hins skapandi kraftar, til að ná hér fullum tökum. Apinn, sem er farinn að hugsa, þarf að skilja hvernig á því stendur, að sú tilraun hefir ekki tekist. Og það er það, sem einmitt nú er að byrja að skiljast. Og eins hvernig bót verður á ráðin. Vér erum að byrja að skilja nauðsynina á sambandi við æðri verur, verur sem vísindin verða að þekkja, sönn vísindi, en aldrei verða svo dugi, litnar trúaraugum. Og þegar hinn rétti skilningur er almennur orðinn, þá er burtu rutt hindruninni fyrir því að hið nauðsynlega samband geti tekist, þá getur hið skapandi vit, hinn skapandi kraftur, náð hér þeim tökum, sem þarf til þess að hér á jörðu verði sjálfstæði og fullt samstarf við foringja tilverunnar í öðrum stöðum.

## III

Til þess að það komi í ljós, að ég segi satt, þarf ekki annað en einfalda tilraun. Reisi menn hér stöð, slíka sem ég hefi skrifað um, og reyni þar að færa sér í nyt kenningar mínar.

Svo mikil blessun mundi þeim framkvæmdum fylgja, að áður en 15 ár væru liðin frá því stöðin hefði tekið til starfa við almennan áhuga, þá mundi velmegun þjóðarinnar hafa meir en þrefaldast, en vesöld öll þorrið að því skapi. Víða væri farið að byrja kornrækt, og á hentugustu stöðum mundi vera farið að reyna að rækta eplatré. Þyki einhverjum þetta ótrúlegt mjög, þá mætti biðja hann að athuga, hvernig veturinn var hér, áður þessi svo aðdáunarverða samkoma er alþing nefnist, fór að sýna, að verk mitt er þar af meiri hluta ekki mikils metið. Menn hugleiði, að veturinn hér norður undir heimskautsbaug, var miklu betri en suður við Miðjarðarhaf, þar sem pálmar gróa og glóaldin, og aðgæti það, sem ég hefi skrifað fyrir nálega 10 árum (Nýall s. 132, kaflinn Lífgeislan og magnan).

18.—19. maí '29